

**Ed.** **739. Frumvarp til laga** [347. mál]  
um breytingu á lögum nr. 47/1970, um Útflutningsláναςjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. mars.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að stofna samkvæmt lögum þessum sjóð er nefnist Útflutningsláναςjóður. Í heiti sínu er sjóðnum rétt og skylt að hafa orðin „félag með takmarkaðri ábyrgð“ eða skammstöfunina FTÁ.

2. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Stofnendur sjóðsins eru Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Iðnláναςjóður. Þeir leggja honum til fé, sbr. 3. gr., fara með stjórn hans og fjármál og ábyrgjast fjárskuldbindingar hans með framlagi sínu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Stofnendur sjóðsins bera ótakmarkaða ábyrgð á þeim skuldbindingum sjóðsins sem stofnað hefur verið til fyrir 1. janúar 1986. Helst hin ótakmarkaða ábyrgð þar til þessum skuldbindingum er lokið.